

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 134/2005, um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Þriðja grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. mars vegna náms sem byrjar á haustmísseri og 15. september vegna náms sem byrjar á vormísseri. Deildarfundur getur ákveðið að umsókn, sem berst að liðnum umsóknarfresti, verði tekin til umfjöllunar í rannsóknanámsnefnd.

2. gr.

Við 5. gr. reglnanna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknanámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

3. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. desember 2005.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.